

Við upphaf 8. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

Samlagning frádráttur að milljón

- Reikna með einföldum neikvæðum tölum (hitastig, sjávarmál og fleira)
- Forgangsröðun aðgerða 1) svigi 2) margf./deiling 3) plús/mínus
- Deiling með tugum
- Margfaldi og deili með eins stafs tugveldatölum í huganum ($50 \cdot 700 - 20/800$)
- Tugabrot + og - (athuga stöðu kommu)
- Tugabrot margföldun og deiling með heilli tölu og tugabroti
- Almenn brot, samlagning og frádráttur heilla talna og samnefndra brota
- Almenn brot, lenging og stytting brota

Hlutföll og prósentur

- Finna hluta af heilum tölum t.d. 2/5 af 20
- Reikna brot og prósentur af heilum stærðum
- Geti unnið með hlutföll t.d. uppskriftir og fleira

Mynstur og algebra

- Setja upp einföld föll og teikna gröf þeirra
- Sjá reglu út frá talnarunu $1 - 3 - 6 - 10 \dots$
- Kynnist því hvernig leysa eigi einfaldar jöfnur og auki skilning á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir
- Kynnist hugtökunum liðun og þáttun og dæmum um hvernig hægt er að einfalda stærður með beitingu þeirra

Rúmfræði og mælingar

- Reikna rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga
- Kynnst tengslum rúmmáls mælds í cm^3 og millilítrum og dm^3 og lítrum
- Kynnst rétthyrndur, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum
- Mæli og teikni horn að næstu heilli gráðu
- Teikni þríhyrninga með gefnum stærðum
- Geti unnið með þvermál, geisla og pí
- Finni samhverfuás, samhverfufliot og snúningsmiðu í tívíðum og þrívíðum hlutum

Tölfræði og líkur

- Kynnst hugtökunum meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- Kynnst því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur
- Safni gögnum, flokki þau og svari spurningum út frá beim

Við lok 8. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- Kunna skil á og fara með margfeldi, summu, kvóta og mismun.
- Tugabrot, margföldun, deiling, summa/plús og mismunun/mínus
- Námundun og slumpreikningur
- Almenn brot summa og mismunum ósamnefndra brota
- Almenn brot * og / deiling með heilli tölu og broti
- Reikna prósentur með reiknivél = breyta í tugabrot og reikna svo
- Prófa svör og gera sér grein fyrir útkomu áður en gripið er til reiknivélar
- Dreifiregla, tengiregla og víxlregla
- Námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum

Hlutföll og prósentur

- Hlutföll milli stærða
- Fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun og afslátt

Mynstur og algebra


- Viti muninn á stæðu og jöfnu
- Reikna og einfalda stærður
- Geti unnið með liðun og þáttun og þjálfist í að leysa jöfnur
- Vinni með bókstafi sem tákna stærðir og beiti reiknireglum á stærður þar sem ein eða fleiri óþekktar stærðir koma fyrir

Rúmfræði og mælingar

- Hornafræði, hornasumma þríhyrninga og rétthyrninga
- Flatarmál, ummál og rúmmál
- Þekki hugtökin punkt, línu, línustrik, geisla, þvermál, pí, horn og ýmsar gerðir marghyrning og geti farið rétt með heiti þeirra
- hanni rétthyrning með gefnu ummáli og flatarmáli og átti sig á því að rétthyrningur með gefið ummál getur haft breytilegt flatarmál

Tölfræði og líkur

- fáist við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- Setji fram og túlki tíðnitölur, súlurit, línurit og aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- þjálfist í öflun gagna, flokkun þeirra og framsetningu



Myllubakkaskóli

Vinum saman

Verkferill í stærðfræði

8. bekkur

„Við gerum þetta saman“

Ágætu foreldrar

Í þessum einblöðungi finnið þið þau stærðfræðiatriði sem börnin ykkar eiga að læra á þessu skólaári. Hér er einnig að finna verkferil sem fylgt er í kringum hverja LOTU.

Með þessu viljum við auka möguleika foreldra á virkri þátttöku í námi barna sinna. Það hefur margsýnt sig að með þátttöku foreldra aukum við til mikilla muna líkurnar á góðum árangri.

1.LOTAN

Nemandi fær LOTU-blað og byrjar að setja sér tímamörk (1-3 vikur)

2.Leiðarbók

Nemendur glósa í leiðarbók hugtök og orð sem beðið er um í LOTUNNI og tengist efni hennar.

3.Vinnan

Unnið skv. LOTU-blaði þau atriði sem verið er að æfa sig í. Nemendur skipuleggja og vinna sjólfir í tíma og heima. Kennarinn er til aðstoðar í skólanum og fer annað slagið í ákv. atriði á töflu með öllum.

4.Upprifjun

Pegar LOTUNNI er lokið er rifjað upp og kennari látinn vita um prófadag.

5.Próf

Nemandi tekur próf úr LOTUNNI. Ef ekki næst 75% rétt er rifjað upp það sem miður fór og prófið tekið aftur. Ef enn er ekki náð 75% skráir kennari það sem úrskaiðis fór og nemandi fer í næstu LOTU.

6.Fjöldi LOTA

LOTURNAR eru 6 á hverri önn.
8.bekkur LOTUR 1-6 og 7-12
9.bekkur LOTUR 13-18 og 19-24
10.bekkur LOTUR 25-30 og 31-36

7.Gagnabanki

Allt um LOTUKERFIÐ:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/namsvefur/lotukerfi/index.htm>